

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – október 2023

## Skráð atvinnuleysi í október var 3,2%

Skráð atvinnuleysi í október var 3,2% og hækkaði úr 3,0% í september. Í október 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,3%.

Að meðaltali voru 6.010 atvinnulausir í október, 3.376 karlar og 2.634 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 276 frá september.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 4,8% og hækkaði úr 4,2% frá september.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,0%, á Austurlandi 1,7% og 2,0% á Vesturlandi.

Alls komu inn 227 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október.


Alls voru 3.355 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fjölgaði um 299 frá september.

Í október voru 282 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Í október 2023 gaf Vinnumálastofnun út 323 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 271 á höfuðborgarsvæðinu.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi gæti orðið á bilinu 3,1% til 3,4% í nóvember.

Þróun atvinnuleysis frá október 2021 til október 2023




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í október eða 4,8% og hækkaði úr 4,2% frá september. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu í október og hækkaði úr 3,3% frá september. Atvinnuleysi var 2,8% á landsbyggðinni í október og hækkaði úr 2,4% frá september. Atvinnuleysi hækkaði á öllum stöðum á landsbyggðinni frá september.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,0%, á Austurlandi 1,7% og 2,0% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í september og október.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á tveimur svæðum, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,4% og 2,8% meðal kvenna og á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 4,6% og 5,0% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í október.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

### Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.400 í lok október, 3.553 karlar og 2.847 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 260 frá septemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 105.

Alls voru 629 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok október og fjölgaði um 78 frá september.


Alls höfðu 1.137 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok október 2023 og fækkaði um 22 frá september. Í október 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 1.893 og nemur fækkunin 756 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.505 í október síðastliðnum en voru 1.487 í október 2022.

## Atvinnugreinar


Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok október í fjórum atvinnugreinum, mest var fækkunin í fiskveiðum, fiskeldi og fiskvinnslu. Atvinnulausum fjölgaði mest í gistiþjónustu og byggingariðnaði.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.489 sem er um 44% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok október 2023



## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.355 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok október og fjölgaði um 299 frá september. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var um 52% í lok október.




### Atvinnuleyfi


Í október 2023 gaf Vinnumálastofnun út 323 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 271 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 156 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 167 leyfi voru framlengt.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í október, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 108 leyfi. Þá voru gefin út 89 námsmannaleyfi og 49 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í október voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 44%, 18% vegna sölu- og afgreiðslustarfa og 14% vegna starfa verkafólks. Um 24% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í október 2023



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, október 2023



### Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 56 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í október 2023 með samtals 437 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 734 í október á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 42%, 22% frá Litháen og 19% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

### Atvinnuleit og vinnumiðlun

## Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í október 2023 voru gefin út 100 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 65 einstaklingar. Níu fóru til Spánnar, fimm til Litháen og fjórir til bæði Grikklands og Tékklands. Þá voru gefin út 13 vottorð til viðbótar til átta annarra ríkja.

### Vinnumiðlun

## Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 227 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í október. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 143 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 56% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 20% á Suðurnesjum og 8% á Suðurlandi. Þá eru 15% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í október 2023



## Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í október voru 282 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 11 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 184 einstaklingar.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.